

Reykjavík 20. mars 2002

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Háskólinn í Reykjavík (HR) vill leggja áherslu á eftirfarandi atriðið vegna tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005:

1. Í kafla II eru nefnd tólf stefnumarkandi áherslusvið í tengslum við áætlun um byggðamál fyrir árin 2002-2005. Í fyrsta áherslusviði, "Nýting sóknarfæra í atvinnulífi" og í því ellefta, "Greiður aðgangur að fjarskipta- og upplýsingatækni" er fjallað að einhverju leyti um menntamál á landsbyggðinni. Það er hins vegar skoðun HR að menntamál eigi að vera sérstakt stefnumarkandi áherslusvið því menntamál eru einn mikilvægasti þáttur byggðapróunar. Nægir þar að nefna að fólksfjölgun á Akureyri undanfarin áratug má að verulegu leyti rekja til uppbyggingu háskólans þar.
2. HR vill taka undir mikilvægi þess að "allir landsmenn hafi fullan og jafnan aðgang að þeim kostum sem standa til boða á sviði fjarskipta- og upplýsingatækni" eins og fram kemur í ellefta áherslusviði "Greiður aðgangur að fjarskipta- og upplýsingatækni". Þessu til stuðnings skal nefnt að tölvunarfræðideild HR hefur boðið fjarnám í tölvunarfræði frá árinu 1998 og því miður hefur misjafn aðgangur landsmanna að ADSL tengingum valdið vandræðum í skipulagningu námsins.
3. Í kafla III, "Tillögur um aðgerðir" kemur fram í lið 18 verkefnið "Efling símenntunarmiðstöðva á Ísafirði og Egilsstöðum". Í þessu sambandi skal aftur vitnað í reynslu fjarnáms við HR. Mjög mikilvægt er að símenntunarmiðstöðvarnar geti boðið upp á hraðvirkar tengingar við Internetið (sbr. lið 2) og jafnframt er mikilvægt að nemendur í fjarnámi geti fengið tækifæri til að hitta sérfræðing á viðkomandi sviði með reglulegu millibili. Viðkomandi sveitarfélögum verður að gera kleift að laða til sín sérfræðinga til símenntunarstöðva í þeim tilgangi að styðja við nemendur í fjarnámi.

Virðingarfyllst, f.h. Háskólans í Reykjavík,



Hrafn Loftsson, forseti tölvunarfræðideildr